



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Heimir Skarphéðinsson, nefndarritari
Skrifstofa Alþingis v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2014
Tilvísun: 2014010113
SE/

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á vegalögum nr. 80/2007, 157. mál.

Með tölvubréfi þann 17. október sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps til breytinga á vegalögum nr. 80/2007. Frumvarpið er að mestu efnislega samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðastliðnu þingi en náði ekki afgreiðslu þá og varðaði innleiðingu ákvæða um gjaldtöku og viðurlæg á grundvelli EES samningsins auk tillagna nefndar sem skipuð var til að endurskoða tiltekin atriði vegalaga. Engar athugasemdir eru gerðar við umrædd ákvæði frumvarpsins.

Auk framangreinds felur frumvarpið í sér tillögu sem miðar að því að skýra hlutverk Samgöngustofu við framkvæmd laganna. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 143/2012 um Samgöngustofu skal stofnunin hafa eftirlit með öryggi og öryggisstjórnun samgöngumannvirkja. Öryggisstjórnun vegamannvirkja fer fram í samræmi við reglugerð nr. 866/2011 með breytingum með reglugerð nr. 292/2014 sem innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegamannvirkja, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2009, sem birt er í EES-viðbæti nr. 20, 7. apríl 2011. Það að fela Samgöngustofa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar er í fullu samræmi við skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þessa breytingatillögu, sem unnin var að höfðu samráði við stofnunina, en telur hins vegar ummæli í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu til þess fallin að valda misskilningi við túlkun ákvæða 2. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við 1. og 2. gr. frumvarpsins, lokamálsgrein, segir efnislega að eftirlit Samgöngustofu muni fara fram í formi stjórnsýsluúttekta á gæðakerfi í þeim tilgangi að vegafamkvæmdir verði í fyllsta samræmi við "lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um framkvæmdir gilda". Skilja má tilvitnuð orð þannig að ætlunin sé að eftirlit Samgöngustofu nái til þess almennt að Vegagerðin og aðrir veghaldarar, t.d. sveitarfélög, fylgi lögum og reglum við framkvæmdir en ekki verður fallist á að ráða megi það t.d. af orðalagi tillögunnar. Vegagerðin lítur svo á að breytingatillaga 2. gr. frumvarpsins nái eingöngu til þess að skýra hlutverk Samgöngustofu varðandi eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja samkvæmt ofangreindri reglugerð og að tilvitnuð ummæli í athugasemdum við 1. og 2. gr. séu því ónákvæm eða byggð á misskilningi. Vegagerðin telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á þessu og bendir á að mögulega sé tilefni til þess að sá skilningur verði áréttaður í nefndaráliti að ekki sé ætlunin að koma á viðtækara eftirliti Samgöngustofu með Vegagerðinni en leiðir af orðalagi 2. gr. frumvarpsins, og einskorðast

við eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri